

STARFSREGLUR

fyrir fangelsismáladeild dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

1. gr.

Verkefni deildarinnar eru:

1. Yfirstjórn á rekstri fangelsa og Skilorðseftirlits ríkisins.
2. Nýbyggingar og viðhald fangelsa.
3. Fjárveitingatillögur.
4. Fullnusta refsidóma.
5. Veiting reynslulausnar.
6. Afgreiðsla tillagna um náðanir og uppreist æru.

2. gr.

Deildin skal sjá um, að reglum um rekstur fangelsanna sé framfylgt og þær séu endurskoðaðar eftir þörfum.

Deildin sér um ráðningu starfsmanna í samráði við forstöðumenn.

Deildin skal sjá um menntun fangavarda og standa fyrir námskeiðum fyrir þá eftir þörfum.

Forstöðumenn skulu leyta heimildar deildarinnar fyrir öllum breytingum í rekstri og fyrir meiri háttar viðhaldi og til öflunar nýrra tækja og búnaðar.

Forstöðumenn skulu leggja fyrir deildina tillögur sínar til fjárveitingar, sem deildin endurskoðar og leggur fyrir fjármálaráðuneytið og Alþingi.

3. gr.

Deildin úrskurðar öll ágreiningsefni, er varða réttindi og skyldur fanga.

4. gr.

Deildin tekur við refsidómum til fullnustu frá ríkissaksóknara og Hæstarétti. Sektardóma, svo og varðhaldsdóma fyrir áfengis- og umferðarlagabrot, sendir deildin lögreglustjórum til fullnustu.

Deildin annast fullnustu fangelsisdóma, óskilorðsbundinna og skilorðsbundinna og annarra varðhaldsdóma en þeirra, sem greinir í 1. mgr.

Deildin tilkynnir viðkomandi dómþola um dóm hans og hvenær hann skuli mæta til afplánunar. Mæti dómþoli ekki á tilsettum tíma, felur deildin viðkomandi lögreglustjóra að færa dómþola í fangelsið.

Leiti dómþoli eftir fresti á afplánun, úrskurðar deildin um, hvort við þeirri beiðni skuli orðið.

5. gr.

Deildin felur viðkomandi lögreglustjórum innheimtu málskostnaðar í þeim málum, þar sem hún sjálf annast fullnustuna, enda sé málskostnaður talinn innheimtanlegur.

6. gr.

Deildin annast veitingu reynslulausnar samkvæmt ákvæðum 40.—42 gr. almennra hegningarlaga.

7. gr.

Deildin tekur á móti umsóknum um náðun á refsingu, undirbýr náðunartillögur og tilkynnir afgreiðslu slíkra umsókna.

Umsóknir um uppreist æru skal deildin fjalla um á sama hátt og náðunar-umsóknir.

8. gr.

Ráðherra skipar þriggja manna nefnd til að meta umsóknir, sem deildinni berast um reynslulausn, náðun og uppreist æru. Nefndin skal skipuð til tveggja ára í senn.

Deildin skal afla sem fyllstra upplýsinga um umsækjanda og skulu þær fylgja umsókn, þegar hún er lögð fyrir nefndina. Nefndin skal láta í té skriflega umsögn um umsóknir.

9. gr.

Reglur þessar, sem settar eru skv. 7. gr. laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands og skv. 39 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. l. nr. 101/1976 um breyting á þeim lögum, koma til framkvæmda 1. mars 1978.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. nóvember 1977.

Ólafur Jóhannesson.

Baldur Möller.

Nr. 410.

17. nóvember 1977.

G J A L D S K R Á

Rafveitu Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss.

I. RAFORKA

Rafveitur Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Selfoss selja raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

1. Lýsing.**1.1. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli:**

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald kr. 54.80 á kWst.

1.2. Til almennrar lýsingar um kWst.-mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald — 16.40 á kWst.

Fastagjald af gólfleti í rúmi því er lýsa skal, mælt innan útveggja:

Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. — 280.00 á m² á ári

Geymslur og gangar þeim tilheyrandi — 103.00 á m² á ári

1.3. Til götulýsingar um kWst.-mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald — 16.40 á kWst.

1.4. Til nota um vinnulagnir, meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli:

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald — 27.40

2. Almenn heimilisnotkun o. fl.**2.1. Til heimilisnotkunar um kWst.-mæli:**

Mælisleiga samkvæmt kafla II.

Orkugjald kr. 12.40 á kWst.